

Lög um skipti á jörðunni Vallakoti í Reykdelahreppi og jörðinni Parti í sama hreppi, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 31, bls. 100—101).

Tilskipun fyrir Island um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í Norðursjónum, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 102—103).

82 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um sölu kirkjujarðar. Ráð-

25. septbr. gjafrinn fyrir Island hefir í brjefi, dagsettu 28. f. m., skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 19. s. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess, að hið fyrverandi prestssetur, jörðin Álptamýri, sem heyrir undir Rafnseyrarprestakall í Vesturísafjarðarprófastsdæmi, ásamt kirkju þeirri, sem er á jörðunni, en að undantekiinni 15 fadma breiðri landspildu með sjó fram, frá takmörkum jarðarinnar að austan, og útað Krákudalsá, í nánd við hið löggilta kauptún Hlaðsbót, sem er í landi jarðarinnar, verði seld frá prestakallinu fyrir 1800 kr., með því skilyrði, að kaupandi greiði helming skuldar þeirrar, sem þegar kaupin fara fram, hvílir á kirkjunni og þannig að andvirðið undir umsjón stiptsyfirvaldanna ávaxtist á sem arðvænlegastan hátt, sem óskerðanlegur höfuðstóll, sem sje eign prestakallsins, og njóti beneficiarius hinna árlegu vaxta, að undanteknum 2 kr., sem árlega skulu leggjast vld höfuðstólinn, en hin fyrnefnda jörð verði skoðuð sem bændaeign að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða.

83 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-

2. okt. *amtinu* **um sveitfesti þurfalings.** Með brjefi, dagsettu 10. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi álit yðar um erindi frá hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps í Húnavatnssýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 18. janúar þ. á., er skyldar Sveinsstaðahrepp til að greiða Áshreppi í sömu sýslu 102 kr. 20 a. framfærslustyrk veittan Jóhanni nokkrum Ármannssyni.

Með því að jeg verð að vera yður samdóma um það, að Jóhann þessi, sem fæddur er í Sveinsstaðahreppi, hafi eigi unnið sjer sveit með 10 ára samfleyttri dvöl í öðrum hreppi, verð jeg að fallast á það, að þjer hafið skyldað Sveinsstaðahrepp til að endurgjalda Áshreppi hinn umrædda sveitarstyrk, og skal úrskurður yðar því standa óhaggaður.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Úrskurður amtsins:

»Með brjefi, dags. 7. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Sveinsstaðahreppi, dags. 28. f. m., þar sem hún skýtur til mín úrskurði yðar, dags. 12. nóv. f. á., í sveitfestismáli Jóhanns nokkurs Ármannssonar.